



Alþingi
Erindi nr. P 139/2283
komudagur 5.5. 2011

Nefndasvið Alþingis
b/t Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. maí 2011
Tilvísun: 2011040011/00.03

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um Þjóðminjasafn Íslands, safnalög og lög um menningarminjar- 651. mál, 650. mál, 649. mál og 648. mál

Við, undirrituð forstöðumenn og starfsmenn höfuðsafnanna þriggja, fulltrúar safnaráðs, FÍSOS og Íslandsdeildar ICOM, tökum undir öll meginatriði í nýjum frumvörpum og fögnum nýju lagaumhverfi. Við teljum að breytt lagaumhverfi muni stuðla að mikilvægum framfaraskrefum á sviði safnastarfs og minjavörslu og skýra hlutverk stofnana. Við bindum vonir við að lögini taki gildi í ársbyrjun 2012.

Nokkrar ábendingar fylgja hér um atriði sem við teljum að geti verið til bóta varðandi frumvörpin til laga um Þjóðminjasafn Íslands, frumvarp til safnalaga og frumvarp til laga um menningarminjar. Ekki eru gerða athugasemdir við frumvarp til laga um skil menningarverðmæta til annarra landa. Tillögur að orðalagsbreytingum eru auðkenndar hér fyrir neðan, með rauðum lit þar sem um viðbætur er að ræða, en grænum lit þar sem lagt er til að strikað verði út. Rökstuðningur er í hornklofa þar sem það á við. Allar athugasemdir eru sömuleiðis færðar inn í textaskjölin og fylgja þau með.

Þskj. 1150 – 139.lp, 648. mál - Frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Ísland

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands er að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og ~~rannsaka~~ og miðla sögu þjóðarinnar. [Afar mikilvægt er að undirstrika rannsóknahlutverk safna].

II. kafli, 3.gr.

a. varðveislu íslenskra menningarminja og ~~rannsaka~~ og miðla sögu þjóðarinnar. “[Afar mikilvægt er að undirstrika rannsóknahlutverk Þjóðminjasafns Íslands].

c. liðnum verði skipt í tvennt þar sem rannsóknir verði tilgreindar í eigin lið. [Kynning og miðlun getur aldrei komið til nema undan fari rannsóknir.] ~~verði rannsaka menningarminjar og aðn lænlega menningararf.~~

i. halda skrá yfir lausamuni í einkaeigu er teljast til þjóðarverðmæta ~~þegar tíetmi er til.~~ [annað væri óraunhæft].

II. kafli, 4.gr.

....úttak tölvugagna ~~torvörslu aðra er þá sem bundin er lögum.~~ sérfræðilega..... [mikilvægt í ljósi reynslunnar].

III. kafli, 8. gr.

Þjóðminjasafn Íslands varðveitir aflagða ~~fríðaða~~ kirkjugripi og þá gripi sem safnið og



forráðamenn kirkna eru sammála um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. [mikilvægt að þetta ákvæði eigi eingöngu við friðaða kirkjugripi, annað gæti skapa vanda].

Þskj. 1152 – 139.lp, 650. mál - Frumvarp til safnalaga:

I. kafli, 3. gr.

[Taka þarf afstöðu til þess hvort heitið „safn“ sem stofnun verði lögverndað og að málsgrein þar um verði bætt hér inn].

I. kafli, 5. gr.

Lagt er til að til að greinin í heild sinni verði tekin út, enda hér um að ræða nokkur hugtök af mörgum, og notkun þeirra oft ómarkviss. Dæmi um það er hugtakið setur, sem einnig er notað yfir háskólasetur. [Lögin fjalla þannig eingöngu um söfn].

II. kafli, 7. gr.

Forstöðumenn höfuðsafna eiga sætu í safnaráði stöðu sinnar vegna. [Það er til að tryggja að fagþekking þeirra og yfirsýn í safnamálum á landsvísu skili sér í ákvörðunum safnaráðs.]

III. kafli, 9. gr.

Ráðherra **Safnaráð** veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Öll söfn nema höfuðsöfn þurfa að sækja um viðurkenningu vilji þau falla undir ákvæði laga þessara. Styrkveiting til safns úr safnasjóði felur sjálfkrafa í sér viðurkenningu. Söfn sem ekki meta styrkja úr safnasjóði geta son sérstaklega um viðurkenningu til safnaráðs. Synji safnaráð umsókn safns um viðurkenningu getur safnið kært ákvörðun safnaráðs til **raonerra** [þetta einfaldar skriffræði og leggur til kæruleið.].

...Viðurkennd söfn mega ekki taka við gjöfum sam kvaðir fylgja. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því [sjá 8.gr.].

III. kafli, 10. gr.

8. **Enganor samis skal raog forstöðumann í að minnstu kosti 50% launað starf**[að fenginni reynslu teljum við nauðsynlegt að taka fram að starfið þurfi að vera launað].

III. kafli, 11. gr.

...**Umsóknum um stofnstyrk skal beint til mennta- og menningarmálaráðuneytis.** [þarf að vera skýrt].

III. kafli, 12. gr.

....að höfðu samráði við ráðuneyti **safnaráð**

IV. kafli, 13. gr.

Forstöðumaður ábyrgðarsafns skal vera í fullu **launuðu** starfi og[að fenginni reynslu teljum við nauðsynlegt að taka fram að starfið þurfi að vera launað].

V. kafli, 16. gr.

...**Muni sem viðurkennt safn hefur eignast með gjöf eða arfleðslu eða eru keyptir fyrir almannafé er óheimilt að taka af safnskrá.** [Stangast á við 17. gr. og athugasemdir við 16. gr.]

V. kafli, 17. gr.

....**ákveður samþykki**

VI. kafli, 21. gr.



..... Sjóðnum er heimilt að styrkja aðra starfsemi **viðurkenndra safna** til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær. [Ekki má leika vafi á því að einungis viðurkennd söfn geta notið styrkja úr safnasjóði].

VI. kafli, 22. gr Ráðherra **Satnarað** úthlutar styrkjum úr safnasjóði **í samræmi við úthlutunarreglur sem ráðherra samþykkir**, ~~að fengnum tillögum safnaráðs~~. [Verður betra samræmi við áherslur um faglega úthlutun. Hér væri til staðar kæruleið].

Þskj. 1153 – 139.Íþ, 651. mál - Frumvarp til laga um menningarminjar:

2. þáttur. II. kafli, 8. gr.

d. að ~~veita umsögn um styrkumsóknir~~ **úthluta styrkjum** úr fornminjasjóði.

2. þáttur. II. kafli, 9. gr.

d. að ~~veita umsögn um styrkumsóknir~~ **úthluta styrkjum** úr húsafriðunarsjóði.

3.þáttur. IV. kafli, 15. gr.

...Öll frumgögn vegna skráningar skulu afhent Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu [Mikilvægi skráningargagna er ótvírætt. Sem varðveislustofnun er eðlilegt að Þjóðminjasafn Íslands annist vörslu frumgagna allra fornleifarannsókna, þar með talið skráninga og kannana].

VII. kafli, 29. gr.

Öll söguleg hús á safnsvæðum, sem teljast til safnkosts, eru friðuð. [Reynslan hefur sýnt að mikilvægt er að kveða úr um þetta í lögum, enda er hér átt við þau hús sem tilheyra safnkosti viðkomandi safna. Þar á meðal hús í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands].

VIII. kafli, 40. gr.

~~.....Allir gripir og sýni~~ **Öll gögn og rannsóknarskýrslur skulu** afhenda Þjóðminjasafni Íslands til varðveislu innan árs frá áætluðum lokum verkefnis, sbr. 3. gr.[Hér er um leiðréttingu að ræða á ósamræmi við málsgreina. Að öll frumgögn fornleifarannsókna verði varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands, á einum stað, er lykilatriði hvað varðar frekari rannsóknir á minjastöðum og einstökum minjum. Einnig er afgerandi að tryggja varðveislu gagna til framtíðar í viðurkenndum skjalageymslum varðveislustofnunarinnar].

XI. kafli, 45. gr.

2. Hluta **það er sýni**, ...[mikilvægt er að taka af öll tvímæli um það að hér er eingöngu átt við sýni].

XI. kafli, 46. gr.

.... **íðkomandi höfuðsafna** og þeirra safna og stofnana



menningarminjar.sameiginlegar athugasemdir 5.mái..docx



safnalog.sameiginlegar athugasemdir. 5. maí..docx




þjms.sameiginlegar athugasemdir.5.mái..docx


f.h. Þjóðminjasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands, Listasafns Íslands, safnaráðs, FÍSOS, og Íslandsdeildar ICOM.



Með vinsemd og virðingu,



Margrét Halgrímsdóttir, þjóðminjavörður og formaður safnaráðs


Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands




Helgi Torfason, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands


Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður FÍSOS og fulltrúi safnaráðs

Ágústa Kristófersdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra safnaráðs


Rakel Háldórsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs

Jenný Lind Egilsdóttir, fulltrúi sambands íslenskra sveitarfélaga í safnaráði



Olóf Sigurðardóttir, formaður Íslandsdeildar ICOM